

# Lög

## um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (samningar sjúkratryggingastofnunarinnar).

---

### 1. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um gerð samninga skv. 2. mgr. í reglugerð. Þar skal kveðið á um tegund og umfang þeirrar heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggingastofnunin semur um, m.a. um heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum í eigu ríkisins.

### 2. gr.

2. málsl. 2. mgr. 56. gr. laganna orðast svo: Enn fremur koma ákvæði IV. kafla til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2015 að því er varðar samninga við sveitarfélög og aðra er reka hjúkrunarheimili.

### 3. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2013“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögnum kemur: 1. janúar 2015.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. desember 2012.*

